

Ársskýrsla 2008

Bókasafn Akraness

Lykiltölur 2008:

Útlánuð 56.156 (52.828) gögn.
Útlán á íbúa 8,4 safngögn (8.3) Íbúafjöldi 1. des. 2008 6.630
Skráðir lánþegar í árslok 2008: 1.472 (1244)
Gestakomur ekki taldar, þ.e. ekki leigður teljari þetta árið.
Heimsóknir (skipulagaðar) leikskólabarna: 17 heimsóknir, gestafjöldi: 224 börn
Heimsóknir grunnskólanema: 7 heimsóknir, gestafjöldi: 91 barn
Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: 7 heimsóknir, 100 börn
Þjónustutími: 42/39 klst á viku /þjónustudagar: 276
Netkaffitölvur: 10 gestir á dag / 2800 á ári
Svöfusalur: 1 nemandi á vorönn, 2 á haustönn.
Starfsfólk: 8 manns í 6 ½ (5.13) stöðugildi
(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga).

Bókasafn Akraness, Ljósmyndasafn Akraness og Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar eru rekin sameiginlega. Forstöðumaður er Halldóra Jónsdóttir og staðgengill forstöðumanns er Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir skrifstofustjóri í ljósmyndasafni/ skjalasafni.

Starfsfólk

Í bókasafni, ljósmyndasafni / skjalasafni eru 6,55 stöðuhlutfall sem 8 starfsmenn vinna.

Þar af eru þrír bókasafns- og upplýsingafræðingar í fullu starfi. Eitt stöðugildi er í ljósmyndasafni/ skjalasafni.

Starfshlutfall við afgreiðslu er um 3 stöðugildi sem 5 starfsmenn sinna, þ.e. bókaverðirnir, auk þess sem deildarstjórar taka eina afgreiðsluvakt í viku.

Í stöðu bókavarða eru :

Auður Sigurðardóttir, Hafdís Daníelsdóttir, Helgi Steindal (fastráðinn 1. sept í 77%) og Sigríður Beinteinsdóttir sem einnig sér um ræstingu / kaffiumsþjón.

Tveir nemar úr FVA, Elín Carstensdóttir og Stefán Valentínsson sáu um laugardagsvaktir og afleysingar vegna námsleyfis bókavarðar. Helgi Steindal leysti af s.l. sumar og var þá í fullu starfi.

Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir, sem hefur verið í leyfi, sagði starfi sínu lausu á árinu.

Ingibjörg Þóroddsdóttir deildarstjóri í bókasafni hætti í lok apríl og Nanna Þóra Áskelsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur tók við hennar starfi í maí, og fór í fullt starf.

Ingibjörg hætti 30 apríl eftir nær 30 ára starf í bókasafninu. Við þökkum henni fyrir gott starf í þágu bókasafnsins.

Nanna Þóra Áskelsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur var ráðin í starf deildarstjóra og hóf hún störf í maí 2008.

Færeyjaferð 18. apríl – 21. apríl

Starfsfólk fór í náms- og kynnisferð til Þórshafnar í Færeyjum dagana 18.- 21. apríl. Heimsótt voru Byarbókasavnið og Føroya landsbókasavn, auk þess sem farið var með leiðsögn um Þinganes, Kirkjubæ og Norðurlandahúsið.

Starfsdagur var í bókasafni, 4. júní .Farið í heimsókn í Blindrabókasafnið , ½ dagsferð. Þóra Sigríður Ingólfsdóttir tók á móti okkur ásamt starfsfólki sínu.

Bókasafnið á mikið og gott samstarf við Blindrabókasafnið vegna millisafnalána á hljóðbókum fyrir sjónskerta.

Námsleyfi

Helgi Steindal bókavörður stundaði nám við H.Í í bókasafns- og upplýsingafræðum og minnkaði við sig starfshlutfall hluta ársins. Halldóra Jónsdóttir stundaði diplomanám í opinberri stjórnsýslu við H.Í.(námsleyfi 10%).

Stjórn safnsins

Menningarmála- og safnanefnd var lögð niður vegna skipulagsbreytinga hjá Akraneskaupstað um mitt árið.

Akranesstofa tók við stjórn safnsins. Þorgeir Jósefsson er formaður stjórnarinnar og Tómas Guðmundsson er verkefnastjóri stofunnar.

Útlán frá afgreiðslutölvu voru 53.271, útlán á SHA 858 (975) og útlán á Höfða 687 (662) safngögn og Bókin heim 2.681(-1340 afgreiðslutölva) (2521) safngögn.


Útlánuð safngögn eru samtals **56.156** (52.828)

Aukning milli ára 3.328 (5,9%) . Útlán á íbúa eru 8.4 (8.3) safngögn.

Út- og endurlán árið 2008 eftir lánþegastöðu

Almennir lánþegar (18-67)	31.867
Börn 17 ára og yngri	6.816
Frítt skírteini, örorka	9.606
Bókin heim / Skip	2.048
Stofnanir/ fyrirtæki	5.511
Bókasöfn / millissafnalán	308
Samtals:	56.156

Útlán og endurlán árið 2008 eftir klukkustund



Lánþegar geta endurnýjað útlán sín á netinu og framkvæmt það hvenær sem er á sólarhringnum. Það skýrir útlán /endurlán fyrir utan hefðbundinn afgreiðslutíma.

Lánþegar

Lánþegum hefur fjölgað milli ára og í árslok eiga 1472 (1244) gild skírteini.

Þjónusta við lánþega

Bókin heim er þjónusta við þá einstaklinga sem ekki komast sjálfir á bókasafnið, sökum aldurs eða fötlunar. Það voru um 12 (12) einstaklingar sem notfærðu sér þessa þjónustu að meðaltali á mánuði.

Reglulega er farið með bækur til sjúklinga á SHA og að meðaltali voru 15 (16) lánþegar á mánuði sem notfærðu sér þjónustuna.

Bókavörður fer tvisvar í mánuði á Dvalarheimilið Höfða. 18 (18) lánþegar nýttu sér þjónustuna að meðaltali á mánuði.

Þrjár skipsáhafnir (3) fengu lánuð safngögn á árinu.

Safnkostur

Heildarfjöldi titla í árslok 2008 voru 30.845 (28.755)

Heildareign eintaka í árslok 2008 var 61.284 (56.439). Enn er verið að skrá bækur í Gegni úr gamla kerfinu og bera tölur þess merki.

Eintakaeygn eftir efnistegund í árslok 2008:

Bók	44.990 (43.286)
Geisladiskur/hljóðbók	927 (658)
Innb. Tímarit	1.313
Tímaritshefti	12.357 (11.073)
Myndband	517 (545)
Mynddiskur	476 (355)
Snælda/hljóðbók	508 (463)
Annað	196 (59)
	61.284

Afskriftir

Allt árið var jafnt og þétt afskrifaðar eldri bækur, léleg eintök og aukaeintök. Var það liður í undirbúningi að flutningi bókasafnsins á árinu 2009.

2.796 (300) safngöng voru afskrifuð á árinu.

Barnastarf

Samkvæmt venju kemur 4. bekkur grunnskólans í safnkynningu í bókasafnið. Þetta voru 7 heimsóknir og kom 91 nemandi í safnkynningu.

Leikskólabörn koma reglulega í safnið, ýmist í skipulagðar heimsóknir eða til þess að skoða og fá lánaðar bækur.

Alþjóðlegur bangsadagur er 27. október og haldinn hátíðlegur í bókasafninu. Að venju var leikskólabörnum boðið í safnaheimsókn í bangsviku. Leikskólabörn komu í 17 skráðar heimsóknir og fjöldi barna var 224 börn.

Sumarlestur fór vel af stað og undirbúningur unnin í samvinnu við skólasafnskennara Brekkubæjarskóla og Grundaskóla. Í ár skráðu sig 80 börn á aldrinum 6 - 10 ára og af þeim voru 59 virkir lesendur.

Börnin lásu 826 bækur eða samtals 45.325 blaðsíður. Húllumhæ hátíð var haldin 14. ágúst og mættu um 40 börn og tóku þátt í ratleik af miklu fjöri. Meðal þess sem börnin þurftu að leysa



var að botna vísu, leysa myndagátu og það reyndi á teiknihæfileika þeirra og samvinnu. Að lokum var dregið úr "heiðríkjunni". Nöfn heppinna þátttakenda með nöfnum barnanna var nælt jafnt og þétt í "heiðríkjuna" í sumar, eitt fiðrildi fyrir hverja lesna bók. Styktraraðilar *Sumarlestrar* voru Bókaverslunin Eymundsson, Verslunin Ozone og Sparisjóðurinn á Akranesi.

Að venju var börnum á sumarnámskeiðum Skátafélagsins boðið að koma í Bókasafnið einu sinni í viku. Þar tók á móti þeim sögukonan Þóra Grímsdóttir og sagði sögur. Börnin komu í 7 heimsóknir / 100 börn.

Svöfusalur

Einn nemandi var á vorönn í námi frá HA og tveir á haustönn. Salurinn hefur í vaxandi mæli verið notaður sem námsaðstaða fyrir nemendur í háskólanámi og til próftöku og hafa fjarnemendur frá HA, HÍ, Háskólanum á Bifröst og Hólaskóla notfært sér aðstöðuna.

Sýningar

Í anddyri bókasafnsins og í sýningarskáp eru sýningar ýmist á vegum Bókasafns, Ljósmyndasafns og Héraðsskjalasafns. Á vegum bókasafns voru eftirfarandi sýningar:

Í janúar - febrúar var safnarasýning . Guðjón Guðmundsson, Suðurgötu 37 á Akranesi sýndi úrval myndavéla í eigu sinni.

Í apríl – maí sýndi Bára Kolbrún Guðmundsdóttir ýmsa katla og kaffikönnur sem henni hafa áskotnast í gegnum árin. Flestir gripirnir voru frá árunum 1930 – 1960.

Í maí-júní var handverkssýning á vegum Fjöliðjunnar sem nefndist “**Skapandi starf**”.

Í ágúst sýndi listakonan Gyða L. Jónsdóttir vatnslitamyndir.

Jólasýningin í sýningarskáp voru *Englar*, fönðraðir í dægradvöl á Dvalarheimilinu Höfða.

Annað

Laugardaginn 8. nóvember (Vökudagar) stóð Bókasafn Akraness í samvinnu við Snorrastofu fyrir dagskrá um hið merka **Leirár- og Beitistaðaprent**. Dagskráin var flutt í Tónbergi, sal Tónlistarskóla Akraness, að Dalbraut 1. Dagskráin var styrkt af Menningarráði Vesturlands. Ráðstefnustjóri var Bergur Þorgeirsson, Snorrastofu.

Erindi fluttu: Kristín Bragadóttir, sviðsstjóri varðveislusviðs Landsbókasafns:
Fögur prentverk úr prentsmiðjunni að Leirárgörðum

Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns:
Ræður Hjálmars á Bjargi eftir Magnús Stephensen
Veraldarsýn íslensks embættismanns í upphafi 19. aldar.

Dr. Einar Hreinsson sagnfræðingur/sérfræðingur í Menntamálaráðuneyti:
Pólítískt vald og prentmiðlar á 18. og 19. öld.

Tónlistarhópurinn Ríkíní flutti gamla þjóðlega tónlist og léku m.a. á langspil.
Í framhaldi var sýning á prentgripum í anddyri Bókhöðunnar.

Norræn bókasafnavika var haldin í nóvember í samvinnu við Norræna félagið á Akranesi. Hefðbundin dagskrá var í bókasafninu mánudaginn 10. nóvember

Þema ársins var *Ást á norðrinu*. Texti ársins var eftir finnsku skáldkonuna Eeva Kilpi. Upplesarar voru hjónin Helga Gunnarsdóttir og Sigtryggur Karlsson. Fyrir börnin var lesin *Ástarsaga úr fjöllumum* eftir Guðrúnu Helgadóttu. Elín Carstensdóttir las. Þá var tónlist og ungmenni sögðu frá för sinni til Finnlands s.l. sumar á vegum Norræna félagsins. Góð þátttaka var á dagskrána.

Laugardaginn 13. desember var hið árlega **bréfamaraþon Amnesty International** haldið víða um land, meðal annars í Bókasafni Akraness. Góð þátttaka var og um 60 kort voru send frá bókasafninu.

Akraneskaupstaður sagði upp samningi um bókasafnsþjónustu við Hvalfjarðarsveit þann 27. desember 2007 og endurnýjuðu sveitarfélögin ekki samninginn. Samningur á milli Borgarbyggðar og Akraneskaupstaðar um gagnkvæm réttindi lánþega er í fullu gildi og hefur gefist vel.

26. júní var undirritaður samningur um byggingu á nýju bókasafni, ljósmyndasafni og skjalasafni á Akranesi, en hið nýja safn verður hluti af verslunar- og þjónustumiðstöðinni að Dalbraut 1, þar sem Tónlistarskólinn á Akranesi er einnig til húsa. Ekki þarf að taka fram að hér er um byltingu að ræða í safnamálum Akraneskaupstaðar, enda þótti núverandi húsakostur safnsins á margan hátt óhentugur og þá er þar kominn tími á umfangsmiklar breytingar og viðgerðir.

Í febrúar 2009, Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður

Héraðsskjalasafn Akraness – Ljósmyndasafn Akraness

Söfnin tvö tóku við 19 skjalaafhendingum árið 2008.

Gengið var frá um 20 öðrum skjalaafhendingum sem höfðu legið óhreyfðar um árabíl.

Um 600 ljósmyndir voru settar inn á vef Ljósmyndasafnsins.

Yfir 3000 myndir voru skannaðar en bíða frekari vinnslu.

Haldið var upp á 5 ára afmæli ljósmyndasafns í febrúarmánuði þar sem 2 ljósmyndaafhendingar fóru fram. Þar sýndi Sigurjón Jósefsson gamlar kvikmyndir frá Skaga.

Í apríl var haldið til Færeyja í kynnisferð.

Á haustmánuðum var grisjað úr skjalageymslu.

Stærstar (skjalaafhendingar) má nefna:

Dagbækur og bókhaldsgögn frá Haraldi Böðvarssyni hf. – afhendingaraðili: Haraldur Sturlaugsson.

Ljósmyndir Grundaskóla, 64 albúm – afhendingaraðili: Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri.

Ljósmyndir Hansínu Guðmundsdóttur – afhendingaraðili: Atli Marinósson.

Viðburðir:

Ljósmyndasafn Akraness stóð fyrir mikilli ljósmyndasýningu um hernámsárin og áhrif þeirra á Skagann og nágrenni.

Ljósmyndasafn Akraness fékk úthlutað styrk á árinu 2008 frá Menningarráði Vesturlands, til verkefnisins “Hernámið”.

Markmið með verkefninu var að leita eftir myndum frá þessum tíma, í fórum almennings og að setja upp sýningu á árinu. Eftirfarandi upplýsingar eru á vef safnsins:

2. apríl

Ljósmyndasafnið í samvinnu við Safnahús Borgarness, Friðþjóf Helgason og Magnús Þór Hafsteinsson, stóð að undirbúningi farandljósmyndasýningarinnar *Hernámið* á Akranesi, í Borgarnesi og á Hvalfjarðarströnd.

Af því tilefni óskaði safnið eftir myndum sem sýndu t.d. daglegt líf hermanna, aðbúnað þeirra, vígbúnað eða samskipti þeirra við heimamenn (auglýsing sett í héraðsblöðin).

10. maí

Ljósmyndasafn Akraness opnaði sýningu um Hernámið á Akranesi, í Borgarnesi og í Hvalfirði. Sýningin var í listasetrinu Kirkjuhvoli, Akranesi og stóð frá 10. maí - 15. júní. Opíð var í Kirkjuhvoli alla daga nema mánudaga frá kl. 15-18. Starfsmaður ljósmyndasafns fór með skólahópa um sýninguna og fræddi þá um veru setuliðsins á Skaganum og í nágrenni hans.

15. júní

Sýning Ljósmyndasafns Akraness um Hernámið var að hluta til sett upp í Ferstikluskála í Hvalfirði. Úrval mynda frá hernámsárunum í Hvalfjarðarsveit prýddu sýninguna. Sýningin stóð fram í september.

Sjóminjasafnið Víkin á Granda sýnir áhuga á að fá sýninguna til sín. Fulltrúar frá Ljósmyndasafninu sátu fund 28. ágúst með starfsfólki Sjóminjasafnsins og ákveðið að sýningin yrði að hluta til eða öllu leyti sett upp í Víkinni um mánaðarmótin jan/feb 2009, á safnanótt Reykjavíkurborgar. Síðar varð ákveðið (jan09) að sýningin yrði hluti af aðalsýningu Sjóminjasafns Íslands sumarið 2010.

Þá er ákveðið að sýningin fari í Borgarnes. Annaðhvort sá hluti sem tilheyrir Borgarnesi eða öll sýningin. Húsnæðið mun ráða för, en ekki er alveg ákveðið hvar sýningin verður sett upp í Borgarnesi.

Þess má geta að Félag eldri borgara á Akranesi og nágrenni, FEBAN, komu líka að verkefninu.

Írskir dagar:

Ljósmyndasafn setti upp sýningu á myndum frá írskum dögum fyrri ára í anddyri bókasafns. Myndirnar voru síðan til sölu í sölubás bókasafnsins í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum helgina sem írskir dagar voru haldnir.

Vökudagar:

Héraðsskjalasafn setti upp sýningarkassa í verslun Bónuss á Akranesi. Í sýningarkassanum mátti m.a. finna gömul matreiðslukver, handskrifaðar matreiðslubækur og muni sem tengdust eldamennsku í gamla daga. Þeir munir komu úr fórum Byggðasafnsins.

Ljósmyndasafn setti upp ljóðmyndasýningu í heitu pottunum í Jaðarsbakkalaug á Vökudögum. Nokkrir valinkunnir borgarar á Akranesi völdu ljóð sem voru birt með myndum af vef Ljósmyndasafns.

Aðrar sýningar:

Héraðsskjalasafn Akraness hjálpaði Rótarýmönnum með myndir fyrir sýningu þeirra í anddyri bókasafnsins. Tilefni sýningarinnar var 60 ára afmæli Rótarýklúbbs Akraness.

Ljósmyndasafnið setti upp sýningu í anddyri bókasafns á nokkrum af elstu myndum úr fórum Hansínu Guðmundsdóttur. Myndirnar voru unnar, stækkaðar og settar í ramma ásamt frummyndum.

Fyrir jólin setti Ljósmyndasafn upp sýningu á Jólasveinum Sylvíu Björgvinsdóttur í anddyri bókasafnsins. Þar voru jólasveinarnir sem Sylvía málaði fyrir bókamerki bókasafns stækkaðir upp og nutu sín vel á veggnum.

Héraðsskjalasafn Akraness setti upp fjóra sýningarskápa í bókasafninu fyrir jólin. Í þeim voru jóla- og nýárskort úr fórum héraðsskjalasafnsins. Í sitt hverjum kassanum var: íslenskir jólasveinar, kristileg jólakort, amerísk jólakort og sérkennileg jólakort.

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir,
Skrifstofustjóri Ljósmynda- og
Héraðsskjalasafns Akraness